



# Starfsleyfi

fyrir geymslu hættulegra efna.

Nafn fyrirtækis: *Sementsverksmiðjan ehf.*  
Kennitala: 560269-5369  
Sími: 430 5000  
Fastanúmer eignar: F210-2121  
Nafn forsvarsmanns: Gunnar H. Sigurðsson

Heimilisfang: Mánabraut 20  
Póstnúmer: 300 Akranes  
Netfang: sement@sement.is

Útgáfudagur leyfis: 1. júní 2021

Gildir til: 1. júní 2033

## 1. Almenn atriði

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, sbr. IV viðauka og 38. tl. um geymslu hættulegs efnis, laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 550/2018 reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig skal fyrirtækið hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Starfsleyfið gildir fyrir geymslu hættulegra efna þ.e. geymslu á 16.000 tonnum af sementi í fjórum sílóum og áfyllingu úr aðstöðu við Faxabryggju á Akranesi.

## 2. Eftirlit og gjaldskylda

Fyrirtækið er háð eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

# Fylgiskjal - Starfsleyfisskilyrði

## 1. GILDISSVIÐ STARFSLEYFIS

- 1.1 Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um húsnæði. Heimilt er að yfirfæra leyfið yfir á nýjan rekstraraðila enda verði engin breyting á framleiðslu eða rekstri. Sótt er um yfirfærslu á sérstöku eyðublaði sem skal sent um leið eða áður en yfirtakan tekur gildi.
- 1.2 Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sem gildir um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er mælt í fylgiskjali þessu.
- 1.3 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting, sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati leyfisveitanda, skal sækja um nýtt starfsleyfi. Einnig skal endurskoða starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma skaðleg áhrif á almenning eða röskun á lífríki eða umhverfi sem ekki var ljós fyrir.

## 2. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegri og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.
- 2.2 Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur skal beita bestu fánlegu tækni og taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta.
- 2.3 Allar vélar og tæki, hráefni og annað sem starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 2.4 Takmarka skal hávaða og loftmengun frá starfseminni eftir því sem kostur er. Taka skal mið af reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 2.5 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju.
- 2.6 Rekstri skal þannig háttað að hann valdi ekki fólki í næsta nágrenni óþægindum vegna mengunar eða hávaða.
- 2.7 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 2.8 Úrgang skal flytja til eyðingar eða endurvinnslu. Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins. Endurvinnsla eða eyðing er einungis heimil á stöðum sem hafa til þess starfsleyfi.
- 2.9 Við flutning á sementi, áfyllingu á sementstanka og dreifingu skal gæta fyllsta öryggis og mengunarvarna.

## 3. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ SEMENT KOMIST ÚT Í UMHVERFIÐ

- 3.1 Setja þarf upp tvær nýjar myndavélar í tengibyggingu ofan á sementsgeymum., önnur í austurenda, hin í vesturenda.
- 3.2 Viðbragðsáætlun vegna rykmengunar verði endurskoðuð. Meðal annars þarf að setja inn ákvæði þar sem framkvæmdastjóra verði tafarlaust gert viðvart ef rykóhapp verður. Áætlunin skal rýnd af óháðum sérfræðingi.
- 3.3 Bæta þarf hljóðmerki við viðvörunarljós sem gefur til kynna þegar síló er að yfirfyllast. Núverandi hæðarvakar gefa frá sér aðvörun með ljósi. Settir verði upp nýir hæðarvakar sem gefa frá sér aðvörun með hljóði. Öryggi til að koma í veg fyrir að síló yfirfyllist verði þannig tvöfaldað.

- 3.4 Bolta skal lok á mælistútum niður með vængjaróm þannig að lokin haldist á við yfirþrýsting.
- 3.5 Endurskoða skal samskiptatæki og setja upp öflugri símtengingu milli skips og vaktar.

Ofangreind verkefni verði stofnuð í ISO verkefnakerfi Sementsverksmiðjunnar. og skal þeim vera lokið 1. september 2021.

#### **4. NOTKUN OG MEÐFERÐ SPILLIEFNA OG HÆTTULEGRA EFNA**

4.1 Um meðferð og flokkun spilliefna fer samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

3.1 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

3.2 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.

#### **5. EIGIÐ EFTIRLIT**

5.1 Fyrirtækið skal hafa vottað gæðakerfi. þar sem m.a. er skráð:

- a. Magn og gerð spilliefna sem flutt eru til endurvinnslu eða eyðingar.
- b. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins. Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.
- c. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll frávik er geta varðað almannaeið.

5.2 Fyrirtækið skal hafa viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.

#### **6. TRYGGINGAR**

6.1 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíkum tjóni af völdum atvinnustarfsemi rekstraraðila í samræmi við lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Skal rekstraraðili koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni hafi það orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir í samræmi við framangreind lög.

6.2. Með vísan til 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, skal rekstraraðili hafa í gildi ábyrgðartryggingu á gildistíma þessa starfsleyfis.

#### **7. STARFSEMI HÆTT**

7.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður. Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðva fyrir úrgang.

7.2 Ganga skal frá mannvirkjum þannig að ekki stafi hætta af.

#### **8. AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM**

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og einstökum reglugerðum sem við eiga hverju sinni.

Greinargerð með starfsleyfi og umsókn.

Umsókn barst 18. janúar 2021. Umsækjandi fyrir hönd Sementsverksmiðjunnar er Gunnar H. Sigurðsson.

Í umsókn kemur fram að : Fjögur 4000 tonna sementssíló eru staðsett í nágrenni við Faxabryggju á Akranesi. Sement er flutt til landsins í sérútbúnum flutningaskipum sem flytja allt að 7200 tonn af sementi í hverri ferð. Sementi er dælt í sementssíló frá Faxabryggju. Afköst við dælingu eru 120-170 tonn/tímenn.

Við móttöku sements er sólarhringsvakt í birgðastöð til að tryggja að sement dælist í rétt síló og til að fylgjast með löndunarbúnaði einkum með tilliti til sementsleka og að tryggja að sementssíló fyrirfyllist ekki. Við löndun og áfyllingu í sementstanka er haldið undirþrýstingi með búnaði sem er ofan á tönkunum/sílóum í tengibygginu..

Um 95% af innfluttu sementi er selt í lausu. Því er lestað í sementsbíla og dreift til viðskiptavina. Aðstaða er til þökkunar sements í stórseki í birgðastöð. Sekkjun fer fram innandyra.

Hægt er að blanda kísilryki við sementið og er það sótt á sementsbílum til Elkem á Grundartanga. Dreifing sements til viðskiptavina er ekki háð starfsleyfi Sementsverksmiðju.

Starfsleyfið er auglýst á tímabilinu 4. maí – 1. júní 2021

Umhverfisstofnun gaf áður út starfsleyfi fyrir Sementsverksmiðjuna þann 5. desember 2008 fyrir sementsframleiðslu. Þeirri starfsemi hefur nú verið hætt og með umsókn um niðurfellingu starfsleyfis dags. 15. mars. 2021 óskaði Sementsverksmiðjan eftir því að það leyfi félli úr gildi.